

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 445/2004

2011/EES/68/38

frá 10. mars 2004

um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 92/118/EBE að því er varðar dýragarnir, svínafeiti, brædda fitu, kanínukjöt og alivillibráð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til Bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum Bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/42/EB ⁽²⁾, einkum annarri málsgrein 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 92/118/EBE eru settar fram reglur Bandalagsins varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til Bandalagsins á afurðum úr dýraríkinu.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis ⁽³⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 808/2003 ⁽⁴⁾, er kveðið á um reglur Bandalagsins varðandi afurðir úr dýraríkinu sem ekki eru ætlaðar til mannelis.
- 3) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB frá 21. október 2002 um breytingu á tilskipunum ráðsins 90/425/EBE og 92/118/EBE að því er varðar heilbrigðiskröfur fyrir aukaafurðir úr dýrum ⁽⁵⁾ var tilskipun 92/118/EBE breytt verulega, einkum til að þröngja gildissvið hennar þannig að það taki einungis til afurða úr dýrum sem eru ætlaðar til mannelis og sjúkdómsvalda.

4) Til að tryggja gagnsæi í löggjöf Bandalagsins þykir rétt að útskýra nánar gildissvið tilskipunar 92/118/EBE.

5) Því ber að breyta tilskipun 92/118/EBE til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 92/118/EBE

1. Í stað fyrirsagnar 2. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE komi eftirfarandi:

„Dýragarnir sem eru ætlaðar til mannelis“.

2. Í stað fyrirsagnar 9. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE komi eftirfarandi:

„Svínafeiti og brædd fita sem ekki eru ætluð til mannelis“.

3. Í stað fyrirsagnar 11. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE komi eftirfarandi:

„Kanínukjöt og kjöt af öldum veiðidýrum sem eru ætluð til mannelis“.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 72, 11.3.2004, bls.60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 15.9.2005, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 13, 18.1.2003, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.
